

98

Staðarey á aðalpóstleiðina við Þverárbrú gagnvart ferjustaðnum á Gili yrði gerður sem sýsluvegur, með því skilyrði, að landsdrottinn, sem ættu engi, er vegurinn lægi um, eigi heimti skaðabætur af sýsluvegasjóði fyrir landsþjöll. (Framh.).

99

26. ágúst.

Auglýsing um póstmál.

1. Til þess að koma á póstsambandi milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandar-sýslu verður aukapóstferðin (a) frá *Ísafirði* um *Þingeyri* að *Rafnseyri* frá 11. ferð landpóstanna í haust (að þeirri ferð með taldri) aukin svo sem nú skal greina:

Aukapósturinn frá *Ísafirði* til *Rafnseyrar* stendur svo stuttan tíma við á *Þingeyri*, sem frekast er unnt vegna afgreiðslunnar, og flytur þaðan, auk póstsins til *Rafnseyrar*, póstflutning til *Bildudals*, er verður fluttur sjóveg frá *Rafnseyri* til *Bildudals* svo fljótt sem veður leyfir. Flutningsmenn hverfa aptur um hæl til *Rafnseyrar*, og sje tími nægur og önnur atvik eigi til fyrirstöðu, biður Ísafjarðarpósturinn eptir komu þeirra frá *Bildudal*, en ella skal senda með póstflutning þann, er þeir koma með, sem fyrst til *Þingeyrar*, allt eptir ákvörðun póstaafgreiðslumannsins á *Þingeyri* í hverri ferð.

2. *Flateyjarpósturinn* fer frá *Stykkishólmi* til *Flateyjar* strax eptir komu *Stykkishólmspóstsins* í 12. og 14. ferð (ekki 10. ferð), og fer að öðru leyti eins og í ferðaáætlun landpóstanna segir.

Reykjavík 26. ágúst 1892.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPAN.

Hinn 4. júlí var *Höfðaprestakall* í *Suðurþingeyjarprófastsdæmi* af landshöfðingja veitt presti að *Þönglabakka Árna Jóhannessyni*, eptir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

Hinn 11. júlí var *hjeraðslæknisembættið* í 9. *læknishjeraði* af hans hátign konunginum allramildilegast veitt cand. med. & chir. *Guðmundi Magnússyni*.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Þönglabakk í *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi* (*Þönglabakka-* og *Flateyjarsóknir*). Mat: 1071,92 kr. Tillagið til brauðsins, 500 kr., greiðist með afgjaldi fasteigna, sem brauðinu eru útlagðar frá *Laufáss-* og *Grenjadarstaðar* prestaköllum.

Leiðrjetting. Í reglugj. fyrir *Mýrasýslu* um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, 4. gr. (bls. 140 hjer að framan) hefur misprentazt *utanhúss* les: *utantúns*, og í sömu reglugjörð, 53. gr., bls. 152 hjer að framan er misprentað: í 28. viku sumars í staðinn fyrir í 23. viku sumars.